

Sp.

392. Þingsályktun

um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

(Afgreidd frá Sp. 4. apríl).

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að greiða vegna skaða, sem urðu af ofviðrinu 26. og 27. okt. síðastl. í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, eftir mati, er stjórnin lætur framkvæma, allt að 60 þús. kr.
2. Að láta greiða úr kirkjujarðasjóði til sjóvarnargarðs í Grenivík $\frac{2}{3}$ kostnaðar, allt að 16 þús. kr.
3. Að greiða til viðgerðar brimbrjótsins í Bolungavík helming kostnaðar, allt að 30 þús. kr.
4. Að greiða til viðgerðar bryggju á Blönduósi $\frac{1}{3}$ kostnaðar, allt að 11 þús. kr.

Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi af tekjum ríkissjóðs árið 1935 til þess að standast þessar greiðslur, þá er ríkisstjórninni heimilt:

1. að ábyrgjast fyrir sýslunefndir Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna og bæjarstjórn Siglufjarðar allt að 60 þús. króna lán.
2. að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Hólshrepps allt að 30 þús. króna lán.
3. að ábyrgjast fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu allt að 11 þús. kr. lán,

er öllum sé varið í því skyni, er í fyrri málsgr. segir, og öll greiðist af tekjum ríkissjóðs árið 1936.